

31. Opið bréf frá dómsmálastjórninni til yfirvalda á Færeyjum og Íslandi, um ferð Sir Leopold M'Clintocks skipstjóra m. fl. 1860.
9. Júní.

Dómsmálastjórninni hefir verið kunngjört, að á þessu ári eigi að fara fram rannsókn um, að hve miklu leyti unnt muni vera að leggja rafsegulþráð milli Norðurálfu og norðurlhuta Vesturálfu, eptir Færeyjum, Íslandi og Grænlandi, svosem Tal. P. Shaffner ofursti fèkk til leyfisbréf konungs 16. ágúst m. 1854. Það er og orðið stjórninni hér kunnugt, að hin enska stjórn ætlar í miðjum þessum mánuði að senda *Sir Leopold M'Clintock* norður í höf með gufuskipið *Bulldog*, til þess að rannsaka dýpt sjávarins m. fl., og stendur sendiför þessi, eptir því sem stjórninni hefir verið skýrt frá, í sambandi við þá rannsókn, er að ofan er um getið, eður jafnvel á að líkindum að vinna að hinum sama starfa.

Þess vegna skorar dómsmálastjórnin á öll yfirvöld á Færeyjum og Íslandi, og einkum amtmanninn á Færeyjum og stiptamtmanninn og amtmennina á Íslandi, að þeir láti *M'Clintock* skipstjóra í té við rannsóknir hans alla þá greiðvikni og hjálp, sem þeim er unnt.

32. Bréf hinnar íslenzku stjórnardeildar til annarar stjórnardeildar kirkju- og kennslumálanna, um stiptsbókasafnið á Íslandi. 13. júní.

Hin heiðraða stjórnardeild hefir með bræfi 18. f. m. sent hingað skjal það, sem fylgir aptur með bræfi þessu, frá kirkju- og kennslumáladeild hinnar norsku stjórnar; er þess getið í skjali þessu, að þareð hinni norsku stjórnardeild sè mjög annt um, að eitt exemplar af riti, sem nýlega er komið á prent um dómkirkjuna í Þrándheimi, komist í einhverja almenna bókhlöðu á Íslandi, mælist hún til að fá ýmsar upplýsingar viðvíkjandi stiptsbókasafninu í Reykjavík.

Um þetta efni lætur ekki stjórnin hjálða að gefa eptirfylgjandi skýrslu:

1860.
13. júní.

Árið 1818 og næstu árin þar á eptir var, einkum fyrir tilstilli C. C. Rafns, doktors í heimsspeki og konferentsráðs, farið að safna bókum, og átti þannig að leggja grundvöll til bókasafns, er hafa skyldi fyrir mark og mið að efla almenna uppfræðingu á Íslandi; síðan var stofnan hins íslenzka stípts-bókasafns í Reykjavík staðfest með allrahæstum úrskurði 11. aprílm. 1821; árið 1826 fekk bókhladan statútur sínar, er staðfestar voru af konungi 15. nóvemberm. s. á. Stofnun þessi eignaðist innan skamms allmikið bókasafn, bæði fyrir gjafir Hans Hátignar konungsins, og ýmsra velgjörðamanna í Danmörku og á Íslandi; svo hefir það og smátt og smátt aukizt töluvert, sumpart af því, að það fær aukaexemplör frá hinni miklu konunglegu bókhlöðu hér í borginni, og sumpart af því, að ferðamenn, sem komið hafa til Íslands, og aðrir, bæði einstakir menn og vísindafélög, einkum í Svíþjóð, á Þjóðverjalandi, Frakklandi, Englandi og í norðurluta Vesturheims, hafa á ýmsum tímum, þó mest síðustu árin, gefið því margar og merkilegar bækur, svo að nú eru í safninu yfir 10,000 bindi.

10. dag júlímánaðar 1856 staðfesti konungur statútu fyrir hinn fasta sjóð stíptsbókasafnsins. Sjóður þessi var í fyrstu stofnsettur af gjöfum, er Rafn konferentsráð útvegaði hjá velvildarmönnum bókasafnsins, einkum á Englandi, svosem Hudson Gurney Esq., Sir Nicolai Carlisle og fleirum, og voru gjafir þessar sendar stjórn bókasafnsins árin 1829, 1830 og 1834. Sjóður bókasafnsins var, þegar statútturnar voru samdar, 2343 rdl. í ríkisskuldabréfum, sem goldnir eru vextir af. Í statútum þessum er það meðal annars ákveðið, að 50 rdl. af ársvöxtunum, sem að öðru leyti sé varið í þarfir bókasafnsins, skuli bæta við hinn fasta sjóð, og að aldrei megi með neinni ákvörðun skerða fê það, er á þann hátt smátt og smátt komi í sjóðinn.

Stjórn stíptsbókasafnsins er, undir yfrumsjón stíptsyfirvaldanna, falin á hendur þrem mönnum, er búa í Reykjavík; er einn þeirra fêhirðir og semur á ári hverju reikning um tekjur og gjöld bókasafnsins; stíptsyfirvöldin rita vottorð sitt á reikning þenna, og senda hann síðan stjórn kirkju- og kennslumálanna. Þar að auki er skipaður bókavörður við safnið; hefir

hann umsjón yfir því, annast um útlán bókanna, samkvæmt reglugjörð, er um það hefir verið sett, m. fl.

1860.
13. júní.

Enn skal því við bætt, að ekkert annað bókasafn á Íslandi kemst í neinn samjöfnuð við stiptsbókasafnið að stærð; það er og hið eina bókasafn, sem hefir fyrir mark og mið að efla menntun á gjörvöllu landinu; en til eru önnur söfn, sem aðeins eru ætluð amti eður minna héraði. Stjórnardeildin verður því að láta í ljósi það álit sitt, að eptir því sem að ofan er greint sè stiptsbókasafnið þannig á sig komið, að vert sè að mæla fram með því, að það fái ritið um dómkirkjuna í Þrándheimi, svo og að bókasafn þetta verði tekið til greina seinna meir, þá er líkt kann að standa á.

33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 20. júní.
norður- og austurumdæminu, um styrk handa
ekkju Briems kammerráðs, fyrrum sýslumanns
í Eyjafjarðar sýslu.

Eptir bænarskrá, er þér, herra amtmaður, hafið sent hingað með bréfi 11. febrúarm. þ. á., hefir dómsmálastjórnin veitt Valgerði Árnadóttur á Grund, ekkju Briems kammerráðs, fyrrum sýslumanns í Eyjafjarðarsýslu, 20 ríkisdala styrk, og hefir landfógetanum á Íslandi í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði landsins.

Þetta sè yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til auglýsingar.

34. Opið bréf frá dómsmálastjórninni til allra yfir- 20. júní.
valda á Færeyjum og Íslandi, um ferð Allen
Young's skipstjóra í norðurhöfin.

Einsog dómsmálastjórnin þegar í opnu bréfi 9. þ. m. hefir skorað á öll yfirvöld á Færeyjum og Íslandi, að láta *Sir Leopold*